



UMHVERFISSTOFNUN

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs
Dalvíkurbyggð
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík 28. júlí 2016
UST201606-022/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi Dalvíkurhafnar og aðliggjandi svæða.

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Dalvíkurhafnar og aðliggjandi svæða.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nær yfir 19,2 ha svæði og er nyrsti og austasti hluti Dalvíkur. Einnig kemur fram að áætlaðar eru landfyllingar alls 4,35 ha á eftirfarandi svæðum: norðan ferjubryggju, 70 – 80 m austan við Sandskeið með nýjum sjávargarði, norðan við Norðurgarð og norðan við Sæbraut 2. Eins og fram kemur í tillögu að breyttu aðalskipulagi eru hafnarframkvæmdir og landfyllingar tilkynningaskyldar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun tekur undir almennar gæðakröfur sem gerðar eru í deiliskipulagstillögunni.

Þær framkvæmdir er fram koma í deiliskipulagstillögunni eru áætlaðar á hafnarsvæði og hefur strandsvæðum þar þegar verið raskað.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Svava Pétursdóttir

Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur